

# Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð 1 tbl. 27. árgangur 2022

Frá formanni

Kæru félagar gleðilegt árið 2022!

Í ár eru liðin 26 ár frá stofnun félagsins. Á þessum árum hafa félagsmenn verið duglegir að vinna að hverskonar listmuna smíði, bæði heima hjá sér og annarstaðar. Við bíðum öll spennt eftir að ná að halda veglega listasýningu á verkum félagsmanna núna í maí.

Á síðasta aðalfundi félagsins, árið 2020, „korter í heimsfaraldur“, var góður hugur í félagsmönnum og var rætt m.a. um að eignast eða vera með í samstarfi við aðila um sameiginlega aðstöðu fyrir félagsmenn okkar, þar sem hægt væri að koma saman, vinna í verkum, hittast og eiga góðar stundir saman. Það er von mín að af þessu geti orðið einn daginn. Stjórn félagsins kom saman á síðasta starfsári og fór yfir verkefni félagsins á komandi misseri. Ýmislegt spennandi er framundan.

Félagsmenn eru hvattir til að senda Brýninu okkar stuttar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu. Félagið verður aldrei virkara en félagsmenn þess eru og vonast ég til að sjá sem flesta taka þátt í starfinu með okkur og hvet félagsmenn að fylgjast með á heimasíðunni okkar og einnig á Fésbókar síðu félagsins.

Dagskráin er auglýst á baksíðu Brýnisins.

Kærar kveðjur,  
Víðir Árnason, formaður FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð  
Pósthólf 130  
202 Kópavogur

Listasýning Jóns Adólfs Steinólfssonar, „Voor Jou / For you /Fyrir þig“, haldin 6-7 nóvember 2021 í Gallery 16c, Kópavogi.

Jón Adólf er athafna maður og sló til á árinu 2021 og hélt listasýninguna „Fyrir þig“ Til sýnis voru verk eftir Finnboga Kristinsson, Karin Esther Gorter og Jón Adólf Steinólfsson. Sýning þessi var tileinkuð minningu Karin Esther, glerlistakonu og eiginkonu Jóns sem lést í maí 2021.

Listakonan og ljósmyndarinn Jóhanna Kristín Hauksdóttir, tók mikið af myndum á listasýningunni og gerði henni góð skil. Með leyfi listakonunnar þá eru hérna nokkrar myndir frá sýningunni.



*Listamaðurinn Jón Adólf Steinólfsson.*



@Jóhanna Kristín Hauksd.



@Jóhanna Kristín Hauksd.



@Jóhanna Kristín Hauksd.



@Jóhanna Kristín Hauksd.





@Jóhanna Kristín Hauksd.



@Jóhanna Kristín Hauksd.

Jón Adólf hefur haldið úti Youtube síðu þar sem hann hefur heimsótt listafólk við tréútskurð. Þetta eru stutt myndbönd og skemmtileg þar sem listamaðurinn segir frá sjálfum sér og verkum sínum.

Myndasería: „Handverk og listir“.



<https://youtu.be/SIfWlpamQKM>



<https://youtu.be/UCbkCvq4tJE>



## Myndaseríur

Myndaseríur Jón Adólfs eru sjálfstætt framtak listamannsins og hefur tekist afar vel.

Sannkallaður Hvalreki fyrir áhugafólk í Tréútskurði að fá að fylgjast með listafólki í sínu umhverfi og frásögnum þeirra.

### Listamenn:

- Hrefna Aradóttir
- Sigurður Petersen



Ég kíkti við inn á tré útskurðarnámskeið hjá Jón Adólf í haust. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá námskeiðinu. Fékk að sjálfsögðu leyfi allra viðstaddra að taka myndir og setja í blaðið okkar.






Ýmislegt skemmtilegt kemur í ljós þegar fella þarf tré, eins og þessi mynd sýnir vel.





Hérna koma myndir af nokkrum skemmtilegum verkum. Barstólarnir eru inni á Hótel Rangá





## Minning



Evert Kr. Evertsson var einn af stofnendum FÁT árið 1996, var formaður félagsins fyrstu þrjú árin. Evert Kristinn Evertsson fæddist 26. desember 1945. Hann lést 3. janúar 2022 .

Evert var drífandi og ötull talsmaður félagsins. Í viðtali við Morgunblaðið 12. mars 1996 sagði hann m.a. *"Við viljum efla og kynna tréskurðarlistina, standa fyrir sýningum og útgáfu fréttabréfs, koma á tengslum milli tréskurðarfélaga og klúbba erlendis, útvega kennara og standa fyrir námskeiðahaldi, standa fyrir fræðslu- og kynnisferðum innanlands sem utan og síðast en ekki síst stuðla að því að myndskurðarmenn fái meiri umbun fyrir vinnu sína en hingað til. Fleira mætti nefna."*

Evert var mikill áhugamaður um tréútskurð og árið 1983 þá flutti hann inn frá Evrópu bæði bækur um tréútskurð svo og tæki og tól til útskurðar. Hans hugmyndir voru m.a. að félagið gæti leigt sameiginlegan sal eða vinnuaðstöðu fyrir félagsmenn.

## Dagsskrá 2022

### Dagskrá – 2022

14 & 15 maí - **Aðalfundur og Vorsýning FÁT**, Nethyl 2e, 110 Reykjavík  
Aðalfundur byrjar klukkan 10:00 – 12:00 og í framhaldi  
verður Vorsýningin okkar sett af stað klukkan 13:00.  
Félagsmenn sem ætla að vera með á sýningunni er bent á að koma  
verkum sínum til okkar inn í Nethyl 2e, á föstudaginn 13. maí  
milli 16:00 og 18:00

26. mars – **Víkingasafnið Reykjanesbær og Garðurinn**.  
Dagsferð í rútu. Lagt af stað frá Nethyl í rútu klukkan 10:00,  
áætlað að vera komin í bæinn aftur um kl: 17:00

Heimsóknir og sýningar fyrirhugaðar í haust, verða kynntar síðar.

Félagsmenn eru hvattir til að senda Brýninu stuttar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu.

### Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð  
Netfang: [treskurd@gmail.com](mailto:treskurd@gmail.com) Heimasíða: treskurdur.is  
Ritstjórn er stjórn félagsins. Ábm. Víðir Árnason

### Stjórn FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð  
Pósthólf 130  
202 Kópavogur

